

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 124/1997 um Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000.

1. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætast þrjú nýir málslíðir svohljóðandi:

Sveitarfélögum er einnig heimilt að fara að ákvæðum reglugerðar nr. 280/1989 við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2002. Nýti sveitarfélag sér heimild skv. 2. málslíð skal fyrir 1. september 2002 setja fjárhagsáætlunina fram á formi sem uppfyllir reglur reikningsskila- og upplýsinganefndar er settar verða á grundvelli 3. mgr. 18. gr. reglugerðar þessarar, en þó eigi síðar en við endurskoðun fjárhagsáætlunar, sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Skulu bæði upphafleg og endurskoðuð fjárhagsáætlun uppfylla fyrrgreind skilyrði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. september 2001.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.